



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heilbrigðiskröfur þess húsnæðis sem borgin býður listamönnum til leigu.

Á fundi borgarráðs þann 11.06.2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

„Hvernig er staðið að því að uppfylla heilbrigðiskröfur þess húsnæðis sem borgin býður listamönnum til leigu? Hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skoðað þessar aðstæður? Boðið var upp á skoðunarferð miðvikudaginn 10. Júní í Gufunesi, en þá kom í ljós mygla og mikið magn af sorpi í óupphituðu húsnæði sem greinilega var heilsuspillandi og með margvíslega slyshættu. <https://sim.is/reykjavikurborg-skapandi-verkefni-i-husnaedi-borgarinnar/> <https://www.ruv.is/frett/2020/05/25/gufunes-verdi-thorp-lista-og-skapandi-greina> “

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Svar við fyrirspurn:

Reykjavíkurborg auglýsti þann 30. maí sl. verkefnið: „Skapandi verkefni í húsnæði borgarinnar“ þar sem markmiðið var að koma til móts við skapandi greinar og vinna gegn atvinnuleysi vegna útbreiðslu kórónuveiru. Um er að ræða húsnæði í Gufunesi, Bryggjuhverfi og Skerjafirði. Verkefnið miðast aðallega við að styðja við einstaklinga og minni fyrirtæki með því að bjóða húsnæði til leigu sem ekki eru í notkun vegna skipulagsbreytinga og fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðunum. Reykjavíkurborg hefur ekki látið fara fram úttekt á ástandi húsnæðis sem fyrirhugað er að leiga út.

Auglýst var eftir áhugasömum aðilum og tekið fram að húsin væru fjölbreytt og ástand þeirra misjafnt. Þá var sérstaklega tekið fram að Reykjavíkurborg myndi ekki leggja til fjármagn til endurbóta og að húsin yrðu afhent í því ástandi sem þau væru. Ennfremur var áhugasömum aðilum bent á að skoða vandlega kosti og galla húsanna áður en til umsóknar kæmi. Var öllum boðið að skoða húsin og senda fyrirspurn ef þörf væri á nánari upplýsingum eða skoðun.

Húsin eru eingöngu ætluð fyrir atvinnurekstur og því er gisting í húsunum með öllu óheimil. Ástand húsanna er mismunandi, allt frá því að vera þokkalegt skrifstofuhúsnæði yfir í að vera óupphitaðar skemmur. Áhugasömum var kynnt ástand húsanna við skoðun og bent á að allar endurbætur og lagfæringar á húsunum væru á ábyrgð og kostnað leigutaka. Við hefðbundna skoðun ætti öllum að vera ljóst ástand þeirra en húsin hafa mörg hver staðið auð um tíma. Þá er ljóst að notkunarmöguleikar húsanna eru misjafnir og því hefur verið tekið tillit til þess við val á leigutökum. Var áhugasömum tilkynnt að heimilt væri að aðlaga húsnæðið að eigin starfsemi á eigin kostnað og ábyrgð. Auk þess er búið að gera umsækjendum grein fyrir því að öll leyfi, eins og rekstrarleyfi, starfsleyfi o.þ.h., sé á ábyrgð leigutaka og synjun um leyfi

getur undir engum kringumstæðum verið á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Leigutaka er hvenær sem er heimilt að segja leigusambandinu upp og kemur uppsögnin þá til framkvæmda um leið og Reykjavíkurborg hefur mótttekið uppsögnina. Með þessu fyrirkomulagi er verið að koma til móts við leigutaka og auðvelda þeim uppsögn með hliðsjón af misjöfnu ástandi húsanna. Þá tekur leigugjaldið mið af ástandi húsnæðis en það er umtalsvert lægra en gengur og gerist.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu